



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# Hvert stefnir í fjármálum sveitarfélaga?

**Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2008**

Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

Sambands íslenskra sveitarfélaga

# Meginefni erindisins



- Rekstrarstaða sveitarfélaga:
  - Niðurstöður 2007, áætlanir og áætluð niðurstaða 2008, líkleg þróun 2009 og hugsanleg þróun næstu ár
- Hugsanleg viðbrögð við slæmri fjárhagsþróun
- Samtímaupplýsingar um fjármál sveitarfélaga
- Áhrif gjaldtöku sveitarfélaga á vísitölu neysluverðs
- Greiðsluþrot og eftirlitsnefnd sveitarfélaga
- Nauðsyn aukinnar samvinnu við ríkið

# Rekstrarafkoma 2007 og áætlanir 2008



Tafla 1

Sveitarsjóðir A-hluti	Ársreikningur 2007	Hlutfall af tekjum	Áætlanir 2008	Hlutfall af tekjum
<b>Tekjur</b>	<b>163,0</b>	<b>100%</b>	<b>170,6</b>	<b>100%</b>
Laun og launatengd gjöld	72,5	44%	77,1	45%
Annar rekstrarkostnaður	61,7	38%	67,9	40%
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>134,2</b>	<b>82%</b>	<b>145,0</b>	<b>85%</b>
<b>Framlegð</b>	<b>28,8</b>	<b>18%</b>	<b>25,6</b>	<b>15%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,9	2%	3,8	2%
<b>Rekstrarniðurstaða <sup>1)</sup></b>	<b>32,7</b>	<b>20%</b>	<b>29,5</b>	<b>17%</b>

<sup>1)</sup> Niðurstaða fyrir afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum og óreglulega liði.

Allar fjárhæðir í milljörðum króna.

# Áætlanir 2008 og áætluð niðurstaða 2008



Tafla 2

Sveitarsjóðir A-hluti	Áætlanir 2008	Hlutfall af tekjum	Áætluð niðurst. 2008	Hlutfall af tekjum
<b>Tekjur</b>	<b>170,6</b>	<b>100%</b>	<b>170,8</b>	<b>100%</b>
Laun og launatengd gjöld	77,1	45%	77,5	45%
Annar rekstrarkostnaður	67,9	40%	77,9	46%
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>145,0</b>	<b>85%</b>	<b>155,4</b>	<b>91%</b>
<b>Framlegð</b>	<b>25,6</b>	<b>15%</b>	<b>15,4</b>	<b>9%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,8	2%	-19,7	-12%
<b>Rekstrarniðurstaða <sup>1)</sup></b>	<b>29,5</b>	<b>17%</b>	<b>-4,3</b>	<b>-3%</b>

<sup>1)</sup> Niðurstaða fyrir afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum og óreglulega liði.

Allar fjárhæðir í milljörðum króna.

# Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009



- Seðlabankinn spáir:
  - 15,5% lækkun samanlagðra skatttekna ríkis og sveitarfélaga milli áranna 2008 og 2009 að nafnvirði
  - Verðbólga verði mikil í upphafi ársins 2009 eða 23% á fyrsta ársfjórðungi en muni lækka hratt þegar líður á árið og verði 5,5% á fjórða ársfjórðungi
- Mismunandi þróun einstakra skatttegunda
- **Mikil óvissa** en allt bendir til mikillar niðursveiflu í fjárhag sveitarfélaga

# Hugsanlegar forsendur tekjuáætlunar fyrir árið 2009



## Breytingar milli ára 2008 og 2009:

- Útsvar lækki um 10%
- Fasteignaskattur og lóðarleiga verði óbreytt enda verði álagningarhlutfall á ríkiseignir óbreytt
- Framlög jöfnunarsjóðs lækki um 13% að því gefnu að 1,4 milljarða kr. aukaframlag verði áfram en sameiningarframlag falli út
- Þjónustutekjur og aðrar tekjur verði óbreyttar að nafnvirði milli ára

# Hugsanlegar forsendur rekstrarkostnaðaráætlunar fyrir árið 2009



## Breytingar milli ára 2008 og 2009:

- Launakostnaður hækki um 5% hjá sveitarfélögum
- Annar rekstrarkostnaður hækki um 10%
- Nettó fjármagnsgjöld hækki um 10%
- Mótframlag í A-deild LSS hækki um 0,5 %-stig

# Áætlun 2008 og hugsanleg niðurstaða 2009




Tafla 3

Sveitarsjóðir A-hluti	Áætluð niðurst. 2008	Hlutfall af tekjum	Áætlun KBj. 2009	Hlutfall af tekjum
<b>Tekjur</b>	<b>170,8</b>	<b>100%</b>	<b>158,9</b>	<b>100%</b>
Laun og launatengd gjöld	77,5	45%	81,3	52%
Annar rekstrarkostnaður	77,9	46%	85,7	55%
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>155,4</b>	<b>91%</b>	<b>167,0</b>	<b>106%</b>
<b>Framlegð</b>	<b>15,4</b>	<b>9%</b>	<b>-8,1</b>	<b>-6%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-19,7	-12%	-21,7	-14%
<b>Rekstrarniðurstaða <sup>1)</sup></b>	<b>-4,3</b>	<b>-3%</b>	<b>-29,8</b>	<b>-19%</b>

<sup>1)</sup> Niðurstaða fyrir afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum og óreglulega liði.

Allar fjárhæðir í milljörðum króna.

# Gjöld og framlegð sem hlutfall af tekjum




Tafla 4

Sveitarsjóðir A-hluti	Ársreikningur	Áætluð niðurstaða	Áætlun KBj.
	Hlutfall af tekjum 2007	Hlutfall af tekjum 2008	Hlutfall af tekjum 2009
<b>Tekjur</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>
Laun og launatengd gjöld	44%	45%	51%
Annar rekstrarkostnaður	38%	46%	54%
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>82%</b>	<b>91%</b>	<b>105%</b>
<b>Framlegð</b>	<b>18%</b>	<b>9%</b>	<b>-5%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2%	-12%	-14%
<b>Rekstrarniðurstaða <sup>1)</sup></b>	<b>20%</b>	<b>-3%</b>	<b>-19%</b>

<sup>1)</sup> Niðurstaða fyrir afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum og óreglulega liði.

# Þróun tekna, gjalda og framlegðar 2007-2009



Tafla 5

Sveitarsjóðir A-hluti	Ársreikn. 2007	Áætluð niðurst. 2008	Breyting milli ára	Áætlun KBj. 2009	Breyting milli ára
Tekjur	163,0	170,8	7,8	158,9	-11,9
Samtals rekstrargjöld	134,2	155,4	21,2	167,0	11,6
Framlegð	28,8	15,4	-13,4	-8,1	-23,5

Allar fjárhæðir í milljörðum króna.

# Hugsanleg þróun tekna og rekstrargjalda frá 2009 til 2012



Tafla 6

Sveitarsjóðir A-hluti	Áætlun KBj. 2009	Áætlun KBj. 2010	Áætlun KBj. 2011	Áætlun KBj. 2012
Hækkun tekna á milli ára		5%	5%	5%
<b>Tekjur</b>	<b>158,9</b>	<b>166,8</b>	<b>175,2</b>	<b>183,9</b>
Hækkun rekstrargjalda milli ára		3%	3%	3%
<b>Samtals rekstrargjöld <sup>1)</sup></b>	<b>167,0</b>	<b>172,0</b>	<b>177,2</b>	<b>182,5</b>
<b>Framlegð</b>	<b>-8,1</b>	<b>-5,2</b>	<b>-2,0</b>	<b>1,5</b>

<sup>1)</sup> Rekstrargjöld án fjármagnsliða, afskrifta, breytinga á lífeyrisskuldbindingum og óreglulegra liða.

Allar fjárhæðir í milljörðum króna.

# Skuldir sveitarfélaga A - hluti



## Brúttóskuldir með lífeyrisskuldbindingum:

- Árið 2007 um 136 milljarðar kr.
- Erfitt að áætla skuldir við árslok 2008
- Fullvíst að skuldir muni hækka mikið á næstu árum og þar með fjármagnskostnaður
- Mikilvægt að lengja í lánum ef kostur er

# Viðbrögð við fyrirsjáanlegum fjárhagsvanda



## Hugsanleg hækkun tekna:

- Lögum breytt svo hækka megi hámarksútsvar
- Svigrúm er fyrir hendi til að hækka fasteignagjöld
- Hægt að hækka gjaldskrár og taka upp gjaldtöku þar sem þjónusta er án endurgjalds
- Fá aukinn hlut í heildarskatttekjum hins opinbera

# Viðbrögð við fyrirsjáanlegum fjárhagsvanda



## Hugsanleg lækkun útgjalda:

- Draga úr launahækkunum eins og kostur er
- Fjöldi stöðugilda ræður mestu um rekstrarútgjöld **og þjónustustig**
- Endurskoða allar magneiningar
  - Fjölga nemendum í bekkjardeildum?
  - Sameina stofnanir?
  - Leggja niður stofnanir?
- Endurskilgreina þjónustuframboð m.t.t. lögbundinna og ólögbundinna verkefna

# Viðbrögð við fyrirsjáanlegum fjárhagsvanda



Hugsanleg lækkun útgjalda:

- **Hvað er grunnþjónusta?**
- Gera núllgrunnsáætlanir og forgangsraða á ný útgjaldaliðum í hverri einustu rekstrareiningu

# Samtímaupplýsingar um fjármál sveitarfélaga eru mikilvægar




- Samvinna sambandsins, samgönguráðuneytis og Hagstofu Íslands
  - Kallað verður eftir mánaðarlegum upplýsingum um helstu fjárhagsstærðir sveitarfélaga
  - Netið notað
- Hag- og upplýsingasvið sambandsins gefur út mánaðaryfirlit um stöðuna
- Áfram verður unnið að þróun rafrænnar upplýsingaveitu um fjármál sveitarfélaga
- Sveitarfélög verða að taka þátt

# Áhrif gjaldtöku sveitarfélaga á neysluverðsvísitölu – samtals 5,1%



- **Gjöld sveitarfélaga 2,1%**
  - Lóðarleiga o.fl. 1,1% (Vatnsgjald, sorphirðugjald og holræsagjald auk lóðarleigu. **Fasteignaskatturinn er ekki í vísitölunni.**)
  - Leikskólagjöld 0,6% (Úrtak sem ekki er gefið upp.)
  - Annað 0,4% (Þyngst vega útgjöld heimila til sundlauga, í strætó og til lengdrar viðveru í grunnskóla.)
- **Veitur 2,1%** (Allar veitur í útreikningi.)
  - Rafmagn 1,4%
  - Hitaveita 0,8%
- **Húsaleiga 0,9%**
  - hjá sveitarfélögum af 2,3% í grunni. (Nokkur stór sveitarfélög í úrtaki.)

# Sveitarfélag fer í greiðsluþrot - Hvað gerist?




- Jafnvægi í tekjum og útgjöldum er meginregla laga
- Fjárþröng skal tilkynnt eftirlitsnefnd og samningur gerður um úrbætur
- Aðkoma Lánasjóðs sveitarfélaga eða lán og/eða styrkur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

# Sveitarfélag fer í greiðsluþrot - Hvað gerist?



- Ráðuneyti getur:
  - heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn að leggja álag á útsvar og fasteignaskatt sem nemi allt að 25%
  - svipt sveitarstjórn fjárforræði og skipað fjárhaldsstjórn
  - beitt sér fyrir greiðslustöðvun eða nauðasamningum og selt eigur
  - fært tiltekna starfsemi í hendur einkaaðila
  - leitað samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu

# Sveitarfélögin standa misvel



- Einhver sveitarfélög sem byggja afkomu sína mest á tekjum frá jöfnunarsjóði og hafa jafnframt átt við fjárhagserfiðleika að stríða undanfarin ár munu líklega lenda í forsjá eftirlitsnefndar og ráðuneytis á næsta ári – þrátt fyrir reglugerðarbreytingu
- Önnur munu þræuka með ströngu aðhaldi í rekstri og jafnvel með skattahækkunum
- Örfá munu fara létt í gegnum kreppuna

# Samstarf sveitarfélaga og ríkis



- Í samningi ríkisins við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn eru ákvæði um útgjöld hins opinbera
- Ekki var rætt við fulltrúa sveitarfélaganna
- Nú er nauðsyn á nýjum og betri vinnubrögðum af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögunum
  - Lagasetning um samskipti?
- Nauðsynlegt að ræða á ný skiptingu skatttekna og ábyrgð vegna útgjalda hins opinbera til almennrar grunnþjónustu – skilgreina þarf þessa þjónustu